

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 108/98
frá 1. desember 1998

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/98 frá 17. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/31/EB frá 22. júní 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 30a (tilskipun ráðsins 93/6/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/31/EB frá 22. júní 1998 (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 13), eins og henni var breytt með Stjtið. EB L 248, 8.9.1998, bls. 20.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 8.7.1999, bls. 130.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 13.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/31/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 1. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner